

Anna Lísu Guðmundsdóttir

Fornleifaskráning jarðarinnar Gufuness og hjáleigu hennar Knútskots



Minjasafn Reykjavíkur

Árbæjarsafn
Skýrsla nr 115
Reykjavík 2004

Kort Anna Lísu Guðmundsdóttur

Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn
Reykjavík 2004

© Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn
Anna Lísu Guðmundsdóttur

Skýrslur Minjasafns Reykjavíkur- Árbæjarsafns 115
Ábyrgðarmaður Guðný Gerður Gunnarsdóttir

Öll réttindi áskilin

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Almenn um verndun fornleifa og tilgang skráningar.....	4
3. Fornleifaskráning	5
4. Saga Gufuness - 181184-265	6
4.1 Náttúrufar og jarðabætur.....	11
5. Fornleifaskrá Gufunes.....	13
Gufunes 265-1.....	13
Gufunes 265-2.....	13
Gufunes 265-3.....	13
Gufunes 265-4.....	14
Gufunes 265-5.....	15
Gufunes 265-6.....	15
Gufunes 265-7.....	15
Gufunes 265-8.....	15
Gufunes 265-9.....	15
Gufunes 265-10.....	16
Gufunes 265-11.....	16
Gufunes 265-12.....	16
Gufunes 265-13.....	16
Gufunes 265-14.....	16
Gufunes 265-15.....	16
Gufunes 265-16.....	16
Gufunes 265-17.....	17
Gufunes 265-18.....	17
Gufunes 265-19.....	17
Gufunes 265-20.....	17
Gufunes 265-21.....	18
Gufunes 265-22.....	18
Gufunes 265-23.....	18
Gufunes 265-24.....	19
Gufunes 265-25.....	19
Gufunes 265-26.....	19
Gufunes 265-27.....	20
Gufunes 265-28.....	21
Gufunes 265-29.....	21
Gufunes 265-30.....	21
Gufunes 265-31.....	22
Gufunes 265-32.....	22
Gufunes 265-33.....	22
Gufunes 265-34.....	22
Gufunes 265-35.....	22
Gufunes 265-36.....	22
Gufunes 265-37.....	23
Gufunes 265-38.....	23

Gufunes 265-39.....	23
Gufunes 265-40.....	23
Gufunes 265-41.....	24
Gufunes 265-42.....	24
Gufunes 265-43.....	24
Gufunes 181184 265 - 44.....	24
Gufunes 181184 265 - 45.....	25
Gufunes 181184 265 - 46.....	25
Gufunes 181184 265 - 47.....	25
Gufunes 181184 265 - 48.....	25
6. Saga Knútskots - 181185-266.....	27
6.1 Náttúrufar og jarðabætur.....	28
7. Fornleifaskrá Knútskot.....	30
Knútskot 181185-266-1.....	30
Knútskot 181185-266-2.....	30
Knútskot 181185-266-3.....	30
Knútskot 181185-266-4.....	30
Knútskot 181185-266-5.....	30
Knútskot 181185-266-6.....	31
Knútskot 181185-266-7.....	31
Knútskot 181185 266 - 54.....	31
Knútskot 181185 266 - 55.....	32
Knútskot 181185 266 - 56.....	32
Knútskot 181185 266 - 57.....	33
8. Örnefni.....	34
9. Niðurstöður.....	35
10. Heimildaskrá.....	36
Útgefið efni.....	36
Óútgefið efni.....	37
Vefsíður.....	37
Viðauki I.....	38

Myndaskrá

Mynd 1. Gufunes um 1955, síðasti bærinn og útihúsin, verksmiðjan í baksýn.....	8
Mynd 2. Staðsetning og landamerki jarðarinnar 1703.....	9
Mynd 3. Gufunes á stríðstíma, hernaðarmannvirki voru norðurvestur af fjárhúsunum. ..	10
Mynd 4. Áburðarverksmiðjan í Gufunesi 1966,	11
Mynd 5. Staðsetning fornleifa í Gufunesi (265) og Knútskoti (266).....	12
Mynd 6. Túnakort af Gufunesi gert 1916 (ljósrit Þjóðskjalasafn). Kortið sýnir staðsetningu húsa 1-5 og hlutverk þeirra, auk þess vegi, tún, rotur (illa gróin tún) kálgarða og grafreit.....	13
Mynd 7. Hluti af túnakorti Gufuness 1916, sýnir afstöðu húsa á bæjarhlaðinu. Efsta er íbúðarhúsið nr. 1.	13
Mynd 8. Kirkjugarðurinn í Gufunesi (265-4).	15
Mynd 9. Gamli Gufunesvegur (265-17).	17
Mynd 10. Fjósaklettur (265-21).	18
Mynd 11. Stekkur (265-23).....	18
Mynd 12. Stekkur 265-23 tekið í austur.	19
Mynd 13. Fjárhús 265-25.....	19
Mynd 14. Fjárhús 265-25, horft í vestur.	19
Mynd 15. Fjárhús 265-26.....	20
Mynd 16. Fjárhús nr. 265-26, horft norður.	20
Mynd 17. Stekkur 265-27.	20
Mynd 18. Stekkur 265-27, horft í austur.....	20
Mynd 19. Stekkur 265-28 og rúst 265-29.....	21
Mynd 20. Stekkur 265-28, horft í austur.....	21
Mynd 21. Stekkur 265-30.	22
Mynd 22. Gata nr 265-39 lá í SV.....	23
Mynd 23. . S-A af bænum voru	24
Mynd 24. Í Gufunesi voru hernaðarmannvirki aðallega staðsettar norðan við bæjarhúsin, s.s braggur 265-42 og fleira.	24
Mynd 25. Gamli bæjarhóllinn í Gufunesi. Myndin er tekinn um 1955 og sýnir gamla bæinn og fleiri útihús.	25
Mynd 26. Vegir og slóðar á svæðinu um 1909.....	26
Mynd 27. Túnakort af Knútskoti síðan 1916.....	27
Mynd 28. Kort af Knútskoti síðan 1922. Bærinn hefur verið fluttur austur uppá hæðina.28	
Mynd 29. Rústir Gamla Knútskots árið 1951, fjær eru kappreiðar á Gufunestanga.	29
Mynd 30. Staðsetning fornleifa við Knútskot.....	29
Mynd 31. Garður 266-6.	31
Mynd 32. Rúst 266-54.	32
Mynd 33. Rúst 266-55.	32
Mynd 34. Örnefnakort af Gufunesi og nágrenni.....	34

1. Inngangur

Minjasafn Reykjavíkur annast fornleifaskráningu í Reykjavík. Í skýrslu þessari er tekin fyrir jörðin Gufunes og hjáleiga hennar Knútskot. Skráningin byggir á eldri skrá að hluta þ.e.a.s. fornleifaskráningu Bjarna F. Einarssonar frá 1995. Í þeirri skrá voru skráðar níu fornleifar á jörðinni eða einungis þau mannvirki sem þá voru enn sjáanleg á yfirborði. Árið 1999 fór fram svæðisskráning á hluta jarða í Reykjavík í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands. Það verk var að mestu unnið af Birnu Gunnarsdóttur fornleifafræðingi og Gunnari Bollasyni sagnfræðingi. Sú skráning miðaðist við svæðisskipulagsstig og lögð áhersla á skráningu fornleifa úr heimildum og sögu jarðanna. Sú saga sem hér birtist er að mestu skrifuð af Gunnari. Nú hefur þessi skráning verið yfirfarin, endurunnin og bætt. Nákvæmi hennar miðast við það skráningarform sem nægir við gerð deiliskipulags.

2. Almennt um verndun fornleifa og tilgang skráningar

Í þjóðminjalögum¹ kemur fram að skylt sé að skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Tilgangur þjóðminjalaganna er að stuðla að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskur menningararfur flytjist óspilltur til komandi kynslóða. Meðal þess sem telst til menningararfsins eru fornleifar sem í 9. grein þjóðminjalaga eru skilgreindar þannig:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum.
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri.
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita.
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra.
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki.
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð.
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum.
- h. haugar, dysjar og aðrir grefrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.

¹ Þjóðminjalög 107/2001 <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2001107.html>

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir;

Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

Þetta á við um allar fornleifar, þekktar sem óþekktar, sbr. 13. grein:

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að fornleifar verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er einnig hagar þeirra sem stýra framkvæmdum að hafa yfirlit yfir fornleifar á tilteknum svæðum. Þannig má minnka líkurnar á að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.² Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, sbr. 14. grein þjóðminjalaga.

Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð, veitulagnir og skógrækt, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum

Í skýrslu þessari er tekin saman skrá yfir þá staði sem geyma fornleifar og aðrar yngri menningarminjar innan jarðarinnar Gufuness. Skrá þessi uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til fornleifaskráningar fyrir gerð deiliskipulags. Gott deiliskipulag tekur tillit til sögu, minja og þess umhverfis sem fyrir er og skapar þannig tengingu á milli fortíðar og nútíðar.

3. Fornleifaskráning

Við fornleifaskráningu jarðanna var rýnt í örnefnaskrár, kort og aðrar ritaðar heimildir, auk þess sem svæðið var skoðað. Tíndir eru til þeir staðir sem hugsanlega hafa að geyma minjar. Þar sem svæðið er þéttbýlt að hluta hafa minjastaðir raskast eða jafnvel eyðst vegna framkvæmda, eftir geta þó leynst í jörðu fornleifar og ætti því að hafa aðgát við jarðrask nálægt minjastöðum.

² Ragnheiður Traustadóttir, *Fornleifaskráning á Miðnesheiði*, 8.

Fornleifarnar eru skráðar í skráningarkerfið Sarp. Kerfið byggir á því að fornleifar eru skráðar eftir jörðum eins og jarðaskipting var um 1835-45. Fornleifarnar fá þrískipt númer, í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignamat ríkisins úthlutar, næst kemur númer jarðarinnar samkvæmt Jarðabók Johnsens frá 1847, þriðja talan er síðan hlaupandi tala innan jarðarinnar.

Við fornleifaskráningu er sögu jarðanna gerð skil, þar er varpað ljósi á þætti sem gefa upplýsingar um sögu byggðar og búskapar á staðnum. Tegundum og hlutverki minja er lýst. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem „heimild”. Á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu eða þær eru horfnar. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa.

Við skráningu fornleifa á svæðinu er aðallega notast við túnakort fyrir Gufunes og Knútskot frá 1916 auk korts frá 1922 eftir Valtý Stefánsson, sem sýnir Gufunes með Knútskoti og Eiði. Til að skrá nákvæma staðsetningu minja var notað korta frá 1950 auk loftmynda og korts frá hernum. Kortum var síðan varpað á núverandi skipulag sem tekið er úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR). Fornleifar voru síðan staðsettar og lýsing staðsetningar kemur fram undir „**staðhættir og lýsing**”. Að lokum eru þær hnittsettar í kerfinu ISN 93 sem punktur.³

4. Saga Gufuness - 181184-265

Elstu heimildir um Gufunes er að finna í Landnámu bæði í Hauksbók og Styrmissbók, bækur þessar eru samhljóða um landnámsmanninn Ketil gufu Örlygsson, ætt hans og mægðir. Þó er Hauksbók fyllri um búsetu hans en þar segir: „Ketill ... kom út síð landnámatíðar; hann hafði verit í vestrvíking ... Ketill tók Rosmhvalanes; sat hann þar hinn fyrsta vetr at Gufuskálum, en um várit fór hann inn á Nes ok sat at Gufunesi annan vetr. ... Ketill fekk engan bústað á Nesjum, ok fór hann inn í BorgarfjQrð at leita sér at bústað ok sat inn þriðja vetr á Gufuskálum við Gufá.”⁴

Fáar eða engar heimildir eru um Gufunes næstu aldirnar. Kirkja hefur verið sett í Gufunesi fyrir 1180 og helguð Maríu Guðsmóður því það ár er kirkjunni settur máldagi af Þorláki biskupi Þórhallssyni. Í máldaganum segir meðal annars:

Mariu kirkia a gufunesi a xx c i lande oc kyr .ij. kross oc kluckur. silfr calec oc messo fot. tiolld vm hverfis. alltara klæpe .iij. Vatn ker. gloða ker oc elldbera. slopp oc munnlogar .ij. lás oc kertta stikur .ij. Þar scal tíund heima oc af nio bæiom oc sva groptir. þar scal vera prestr oc syngia allar heimilis típir. ij. messor hvern dag vm langa fosto. messa hvern vigiliu dag. hvern dag vm jola fosto .ij. messor. nacqvern imbrodag a jola fosto. oc of haust. lya fra mario messo vnz liþr paska vico.⁵

Um 1230 er skrifað bréf um tolla og ítök Gufunesinga í Viðey, „... sem Snorri Illugason lagði aprt.”⁶ Jón Sigurðsson forseti ritaði ítarlegan inngang að bréfinu í Fornbréfasafninu. Þar segir hann að Ásgeir prestur Guðmundsson, sem var fóstri Illuga, föður Snorra, sem lagði aftur tollana, muni líklega hafa verið sá sem talinn var með helstu prestum í Sunnlendingafjórðungi árið 1143 en hann andaðist líklega um 1180. Jón segir

³ Borgarvefsjáin, <http://borgarvefsja.is/website/bvs/>

⁴ Jakob Benediktsson, 1968. *Íslensk fornrit*, I. bindi, 166-167.

⁵ *Íslenskt fornbréfasafn*. I. bindi, 1857-1950, 269.

⁶ Sama, 496.

að síra Ásgeir hafi án efa búið í Gufunesi, að minnsta kosti um hríð. Hann telur Ásgeir hafa á ofanverðri ævi sinni selt Illuga fóstursyni sínum Gufunes en eftir hans daga hafi erfingjar hans rift kaupunum.⁷ Máldagi kirkjunnar hér að ofan gæti því lýst gripum og eignum kirkjunnar á ofanverðum dögum síra Ásgeirs.

Í Sturlungu er getið um deilur þeirra Snorra Sturlusonar og Magnúsar Guðmundssonar biskupsefni, um arf eftir Jórinni ríku:

„Jórunn hin auðga hét kona, er bjó á Gufunesi. Atli hét maðr sá, er at búi var með henni. Þeir voru þrír bræður, Svartr og Eiríkr, synir Eyjólfss Óblauðssonar. Í þann tíma andaðist Jórunn ok átti engan erfingja, þann er skil væri at en hon var í þingi með Magnúsi, ok ætlaði hann sér fé hennar, en skipta frændum hennar til handa slíkt, sem honum sýndist. En er Snorri spurði þetta, sendi hann suður á nes Starkað Snorrason. En er hann kom sunnan, hafði hann með sér þann mann, er Koðrán hét, strák einn, ok kallaði Snorri þann erfingja Jórunnar, ok tók hann þat fémál af Koðráni.⁸

Var loks gerð sætt þeirra og var landið leyst til handa Atla. Í bréfinu um tolla og ítök Gufunesinga í Viðey, sem fyrir var getið segir að:

„... þá andaðist Asgeirr. oc tokv þav arf epter hann Olafr Þorvarðs son oc kona hans.“⁹ Jón Sigurðsson taldi ekki ólíklegt að sú kona hafi verið Jórunn ríka og hún hafi þá búið í Gufunesi um 1214 og andast um svipað leyti.¹⁰

Í sögu Árna biskups Þorlákssonar er getið Þormóðar í Gufunesi og konu hans Þóru Finnsdóttur frá Hömrum.¹¹ Þau hjón hafa líklega verið fædd um aldamótin 1200 og búið í Gufunesi einhvern tíma fyrir miðbik þrettánda aldar. Í máldaga um veiði í Elliðaám frá því um 1235 er nefndur Þormóður Svartsson og mun hann líklega vera þessi Þormóður.¹²

Lítið fer fyrir Gufunesi í heimildum fyrr en við siðaskipti. Þá er jörðin komin í konungseign og er hennar getið í fógetaeikningum á þessum tíma. Tvíbyli hefur verið í Gufunesi á árunum 1548-1553 en þá er ein leigukýr Bessastaðamanna hjá Lofti, ábúanda í Gufunesi og ein hjá Gissuri á sama stað „...bleff hannem thenne lege til giffet for skipeferd till Sternes.“¹³

⁷ Sama, 496.

⁸ *Sturlunga saga*, I bindi, Jón Jóhannesson o.fl. 1946, 268-269.

⁹ *Íslenskt fornbréfasafn*. I. bindi, 1857-1950, 497.

¹⁰ Sama, 497.

¹¹ *Biskupasögur*, I. bindi, Hið íslenska bókmenntafélagi, Kaupmannahöfn, 1858.

¹² *Íslenskt fornbréfasafn*. I. bindi, 1857-1950, 511-513.

¹³ *Íslenskt fornbréfasafn*. XII. bindi, 137.



Mynd 1. Gufunes um 1955, síðasti bærinn og útihúsin, verksmiðjan í baksýn.¹⁴

Kirkjunnar í Gufunesi er getið í Gíslamáldaga frá 1570 og síðar og gripir hennar og eignir taldar upp en þeim hafði fækkað mjög síðan fyrir siðaskipti.¹⁵ Í Jarðabókinni er Gufunes kirkjustaður og annexía frá Mosfelli. Sigurður lögréttumaður Högnason bjó þá á allri jörðinni. Landskuld jarðarinnar var að því er virðist níutíu álnir. Kúgildi kirkjunnar voru tvö, hálfum leigum galt hann presti en hélt hinum helmingnum, en leigukúgildi var ekkert. Kvikfénaður Sigurðar var tíu kýr, ein kvíga veturgömul, tíu ær með lömbum, einn sauður tvævetur, átta veturgamlir, tveir hestar, eitt hross og tveir folar tvævetrir. Jörðin gat fóðrað átta kýr, eitt ungneyti og tíu lömb, en heimilismenn voru átta. Hlunnindi bæði jarðar og kirkju voru góð.¹⁶ Hjáleigur eru skráðar fjórar í Jarðabókinni. Fyrsta hjáleiga er nafnlaus, en þar bjó þá Jón Knútsson, hugsanlega er það Knútskot. Önnur er Brands Kot, þar var ábúandi Guðbrandur Tómasson. Þriðja var Holkot, þar var ábúandi Jón Arason. Fjórða var Helguhjáleiga, þar voru ábúendur tveir, Helga Ólafsdóttir sem bjó á hálfri en Margrét Þorsteinsdóttir á hinum helmingnum.¹⁷ Ekki er vita hvar þessar hjáleigur voru nákvæmlega nema hugsanlega Knútskot. Gufunesjörðin átti landamerki að Keldum, Korpúlfsstöðum og Eiði.

¹⁴ Árni Magnússon 1989. *Þorgeir í Gufunesi*, Reykjavík, 64.

¹⁵ Íslenskt fornbréfasafn. XV. bindi, 1947-50, 636.

¹⁶ *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1982, III. bindi Gullbringu- og Kjósarsýsla, 300-301.

¹⁷ *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1982, III. bindi Gullbringu- og Kjósarsýsla, 300-301.



Mynd 2. Staðsetning og landamerki jarðarinnar 1703.¹⁸

Árið 1752 var fluttur úr Viðey í Gufunes svonefndur spítali sem mun hafa verið nokkurs konar gamalmennahæli. Spítalinn var lagður niður 1793.¹⁹ Í Jarðabók Johnsen er Knútskot eina hjáleiga jarðarinnar. Jörðin var seld skömmu fyrir 1800, en Bjarni Thorarensen skáld bjó í Gufunesi á árunum 1816-1833 er hann gegndi dómara starfi í Landsyferréttinum.

Kirkja var í Gufunesi til 1886 en með landshöfðingjabréfi dagsettu 21. september. 1886 eru Mosfells og Gufunessóknir sameinaðar og ákveðið að reisa eina kirkju fyrir báðar sóknir að Lágafelli.²⁰ Staðsetning kirkjunar glataðist með tímanum en við byggingaframkvæmdir við Áburðaverksmiðjuna 1978 komu upp mannabein sem reyndust tilheyra gamla kirkjugarðinum (265-3). Ákveðið var að láta grafreitinn víkja fyrir framkvæmdum og voru beinin flutt í nýjan grafreit í túninu (265-4).

Varðveist hefur altari úr kirkjunni. Það barst að Úlfarsfelli eftir að kirkjan í Gufunesi var aflögð. Þar var það lengi notað sem búrskápur, þar til séra Hálfván Helgason á

¹⁸ Einar S. Arnalds, *Reykjavík, sögustaður við Sund*, 4. bindi, 6.

¹⁹ J. Johnsen, 1847. *Jarðatal á Íslandi*, 1835-1845, 96.

²⁰ Sveinn Níelsson, 1950. *Prestatal og prófesta á Íslandi*. 112.

Mosfelli rakst á það og flutti heim að Mosfelli og notaði það við hjónavígslur. Síðar var það flutt að Reykjalundi og gert upp og er notað þar við guðþjónustur.

Bæjarsjóður keypti jörðina árið 1924 ásamt Eiði og Knútskoti. Landsími Íslands lét reisa fjarskiptastöð á Gufunesmelum, þegar verið var að koma á talsambandi við útlönd 1935.²¹ Síðustu ábúendurnir í Gufunesi voru hjónin Þorgeir Jónsson og Guðný Guðlaugsdóttir en þau fluttu í Gufunes frá Viðey 1938. Þorgeir var landsþekktur glímukappi og hestamaður.

Á stríðstíma hafði herinn aðsetur í Gufunesi og reis þá braggahverfi norðvestan við bæinn.



Mynd 3. Gufunes á stríðstíma, hernaðarmannvirki voru norðurvestur af fjárhúsunum.²²

Áburðarverksmiðja var byggð fyrir austan bæinn 1952.²³ Raskaði sú bygging mjög minjum samanber að flytja varð kirkjugarðinn. Gufunesbærinn var síðan fluttur 1954, eftir að Áburðaverksmiðjan var komin í rekstur. Nýi bærinn stendur enn við fyrrum Gufunesvog en mun sunnar, þar er nú rekin starfssemi ÍTR. Í Gufunesvogi voru sorphaugar Reykjavíkur til langs tíma og var vogurinn þá fylltur upp með sorpi.

²¹ Atli Magnússon, *Þorgeir í Gufunesi*, 100.

²² AMS loftmynd, 1946. Landmælingar Íslands, Nr. 9/10007/2-1.

²³ Páll Líndal. Reykjavík, *Sögustaður við Sund*, 1. bindi, 185-186.



Mynd 4. Áburðarverksmiðjan í Gufunesi 1966, gamli bærinn stendur enn fyrir vestan verksmiðjuna.²⁴

4.1 Náttúrufar og jarðabætur


Í Jarðabók Árna og Páls er jörðin metin og lýst og kemur þar fram að engjar eru litlar eða engar og úthagi í lakasta lagi. Landþröng var þá mikil en laxveiði átti kirkja þriðja hvern dag í Korpúlfsstaðaá. Eggver var nokkurt í sjávarhólma (Fjósaklettum), auk þess voru sölva- og skelfiskfjara nokkur talin til kosta.²⁵

Túnakort var gert af jörðinni árið 1916. „Teljast þá tún 10,6 h. (34d). Meirihluti túnsins sléttaður fyrir nokkrum árum (F.F), jaðar við sjó sléttaður. Blettir eru kargabýfðir utarlega og roturnar (fúnir graslausir blettir) eru með flögum í flestum þúfum. Kálgarðar mælast þá 1240 m² (400m² aðeins í ræktun þetta ár)”.


Miklar landbreytingar hafa nú orðið við Gufunesvoginn. Hann hefur nú verið fylltur af sorpi Reykvíkinga, auk þess sem stór hluti jarðarinnar hefur nú verið tekinn undir íbúðabyggð.

²⁴ Ljósmynd höf. ók. (PVB. Ábs 2002).

²⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1982, III. bindi Gullbringu- og Kjósarsýsla, 300-301.



Mynd 5. Staðsetning fornléifa í Gufunesi (265) og Knútskoti (266).



Mynd 6. Túnakort af Gufunesi gert 1916 (ljósrit Þjóðskjalasafn). Kortið sýnir staðsetningu húsa 1-5 og hlutverk þeirra, auk þess vegi, tún, rotur (illa gróin tún) kálgarða og grafreit.


5. Fornleifaskrá Gufunes

Gufunes 265-1

Sérheiti: Gufunes
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Aldur: 1916
Horfin: Já

Staðhættir

Ekki er vitað hvar eldri bæir hafa verið en árið 1916 var íbúðarhúsið um 9x7 m og inngönguskúr í norður, merkt nr. 1 á Túnakorti.²⁶



Mynd 7. Hluti af túnakorti Gufunes 1916, sýnir afstöðu húsa á bæjarhlaðinu. Efsta er íbúðarhúsið nr. 1.²⁷

Gufunes 265-2

Hlutverk: Kirkja
Tegund: Heimild
Aldur: 1180-1886
Horfin: Já

Staðhættir

„Kirkjustaður var í Gufunesi, ... en þá var kirkjan flutt að Lágafelli. Kirkjan stóð 30-40 m sunnan við bæinn á hól einum. Þegar grafið var fyrir verksmiðjunni í Gufunesi var komið niður á kirkjugarð og var hann færður sunnar. Þar er nú klukknaport.”²⁸ Fyrir

²⁶ Túnakort 1916, Gufunes.

²⁷ Túnakort 1916, Gufunes.

²⁸ Örnefnaskrá Einars Magnússonar yfir Gufunes. (Ö. Gufunes 1), 1.

dyrum hinnar niðurlögðu kirkju á Gufunesi var legsteinn sem mælt er að upp hafi komið úr moldu er kirkjan var stækkuð eða færð fram.²⁹ Steinn þessi tilheyrði Högna Sigurðssyni bónda í Gufunesi sem lést 1671.³⁰ Kirkjan var úr timbri með múrbindingi og borðaklæðningu árið 1782-84.³¹ Kirkjustaður var í Gufunesi til 1886 en með landshöfðingjabréfi frá 21. september 1886 eru Mosfells- og Gufunessóknir sameinaðar og ákveðið að reisa eina kirkju fyrir báðar að Lágafelli.³²

Gufunes 265-3

Hlutverk: Kirkjugarður
Tegund: Heimild
Aldur: 1180-1886
Horfin: Já, rannsakaður

Staðhættir

Í örnefnaskrá yfir Gufunes kemur fram að: „Kirkjustaður var í Gufunesi fram yfir síðustu aldamót, en þá var kirkjan flutt að Lágafelli. Kirkjan stóð 30-40 metrum sunnan við bæ á hól einum. Þegar grafið var fyrir verksmiðjunni í Gufunesi var komið niður á kirkjugarð og var hann færður sunnar. Þar er nú klukknaport.”³³

Fornleifakönnun

Þegar sú ákvörðun var tekin árið 1952 af borgaryfirvöldum og Áburðarverk-smiðjustjórn að á Gufunesi skyldi reisa verksmiðju, þá er hér hefur starfað í aldarfjórðung, var þeim er að þeirri ákvörðun stóðu ekki ljóst að á landsvæði sem úthlutað var, væri forn

²⁹ Þórh. Bjarnason, Legsteinn á Gufunesi. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1897, 40.

³⁰ Matthías Þórðarson, Legsteinn á Gufunesi. *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, 1909, 38.

³¹ Skúli Magnússon, 1936. Lýsing Gullbringu og Kjósa sýslu. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess I*. Reykjavík.

³² Sveinn Nielsson, 1950. *Prestatal og prófasta á Íslandi*. 112.

³³ Örnefnaskrá Einars Magnússonar yfir Gufunes. (Ö. Gufunes 1), 1.

kirkjugarður, allt frá því á 13. öld, enda hafði yfirborð hans verið sléttað og staðsetning hans óljós. Hinn 28. júní 1965 var jarðvinna í næsta nágrenni við grunn nýbygginga stöðvuð, þar sem í ljós komu leifar grafanna í hinum gamla garði, sem var á allt öðrum stað en áætlað hafði verið. Þáverandi þjóðminjavörður Kristján Eldjárn, kom strax á staðinn ásamt biskupi og fleirum. Hinn 20. apríl tilkynnti biskup Íslands að moldir garðsins yrðu fluttar, með ákveðnum skilyrðum. Hinn 6. ágúst 1968 sama ár hófst flutningur „molda“ undir stjórn Jóns Magnússonar bónda og verkstjóra frá Stardal. Verkinu lauk 3. okt. 1968. Sjá skýrslu „Færsla á gamla kirkjugarðinum í Gufunesi.“ Árið 1970 var kirkjugarðurinn nýi hlaðinn, samkvæmt hönnun Reynis Vilhjálms-sonar.³⁴ „Hinn 6. ágúst var byrjað á að grafa upp og færa á nýjan stað gamla kirkjugarðinn í Gufunesi. Kirkjugarðurinn sem færður var líktist ávölum hólma vestast við syðstu áburðarskemmurnar. Stærð hans var 40 x 38 m hæð, um 1.8-2 m og slétt móhelluklöpp undir. Við uppgröftinn komu upp 768 mannabein eða höfuðkúpur, beinin voru látin í 125 kassa, sem allir voru af sömu gerð og stærð. Allar gamlar kistuleifar, sem voru ekki annað en fjalabútar voru látnar fylgja kössunum og raðað á botninn undir þá. Undir lokfjöl einnar kistunnar lá silfurskjöldur áletraður, Páll Jónsson sýslumaður, Elliðavatni, settur sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu 1801-1803, dáinn 1819. Og í annarri kistu fundust tvö silfurlauf af sömu gerð, en mismunandi stærð. Þessi lauf voru við höfða- og fótagafl. Í þriðju kistunni lá naglbítur. Þessir gripir eiga að fara á Þjóðminjasafnið, eftir ósk Þjóðminjavarðar Þórs Magnússonar. Hann kom og tók í sína

³⁴ Um Kirkjugarðinn í Gufunesi 15. september 1978 HF/ke Áburðaverksmiðja ríkisins.

vörslu bein Páls Jónssonar, sýslumanns.”³⁵

Gufunes 265-4

Hlutverk: Kirkjugarður

Tegund: Kirkjugarður

Aldur: 1978

Þvermál: 35m

Ástand: Gott

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Kirkjustaður var í Gufunesi til 1886.

„Kirkjan stóð 30-40 metrum sunnan við bæ á hól einum. Þegar grafið var fyrir verksmiðjunni í Gufunesi var komið niður á kirkjugarð og var hann færður sunnar. Þar er nú klukkna-port.”³⁶

Lýsing

Hringlaga, um 35m í þvermál, hið ytra, en 15m - 19m hið innra. Veggir úr torfi, 0,8m á hæð að innanverðu og lækka jafnt út. Klukkna-port er í NNV. Í garðinum er minnisvarði úr steini (granít) sem á stendur: „Hér hvílir duft þeirra, sem greftraðir voru að Maríukirkju í Gufunesi. Kirkja var í Gufunesi í fullar sjö aldir. Árið 1886 var hún niður lögð. Moldir kirkjugrunns og kirkjugarðs voru hingað fluttar árið 1968 til þess að friða þær fyrir umferð og mannvirkjagerð. SÆLIR ERU DÁNIR, ÞEIR SEM Í DROTTNI DEYJA. Op. 14,13. JESÚS KRISTUR ER Í GÆR OG Í DAG HINN SAMI OG UM ALDIR. Hebr. 13,8.

³⁵ Færsla á gamla kirkjugarðinum í Gufunesi, Jón Magnússon Stardal 3.10.1968.

³⁶ Örnefnaskrá Einars Magnússonar yfir Gufunes. (Ö. Gufunes 1), 1.



Mynd 8. Kirkjugarðurinn í Gufunesi (265-4).

Gufunes 265-5

Hlutverk: Skemma
Tegund: Heimild
Aldur: eldra en 1916
Lengd: 6 m
Breidd: 6 m
Horfin: Já
Staðhættir

Á Túnakorti frá því um 1916 eru mældar inn skemmur sunnan við íbúðahúsið (265-1), merkt númer 2 á Túnakorti, vestari var 6 x 6 m, (sjá mynd 7).³⁷

Gufunes 265-6

Hlutverk: Skemma
Tegund: Heimild
Aldur: eldra en 1916
Lengd: 7 m
Breidd: 7 m
Horfin: Já
Staðhættir

Á Túnakorti frá því um 1916 eru mældar inn skemmur sunnan við íbúðahúsið (265-1), merkt númer 2 á Túnakorti, austari er 7 x 7 m, (sjá mynd 6).³⁸

Gufunes 265-7

Hlutverk: Hlaða, kirkja

Tegund: Heimild
Aldur: eldra en 1916
Lengd: 8 m
Breidd: 5 m
Horfin: Já

Staðhættir

Á Túnakorti frá 1916 er merkt inn hlaðan nr 3 og í sviga þar stendur „kirkjan”. Hlaðan stóð um 16 m SSA við íbúðarhúsið. (sjá mynd 7).³⁹

Aðrar upplýsingar

Þessar heimildir eru svolítið sérstakar því að síðar finnst kirkjugarðurinn norðaustur af bæjarhólnum.

Gufunes 265-8

Hlutverk: Fjós
Tegund: Heimild
Aldur: 1916
Lengd: 12 m
Breidd: 10 m
Horfin: Já
Staðhættir

Á Túnakort frá 1916 er merkt inn fjós númer 4 um 20 m ASA af íbúðarhúsi, (sjá mynd 7).⁴⁰

Gufunes 265-9

Hlutverk: Kálgarður
Tegund: Heimild
Aldur: 1916
Lengd: 20 m
Breidd: 20 m
Horfin: Já

Staðhættir

Kálgarðar Gufuness voru árið 1916 um 1240 m² til samans. Sá hinn minni var um 400 m² og var um 20 m sunnan við íbúðarhúsið. (sjá mynd 7).⁴¹

³⁷ Túnakort 1916, Gufunes.

³⁸ Túnakort 1916, Gufunes.

³⁹ Túnakort 1916, Gufunes.

⁴⁰ Túnakort 1916, Gufunes.

⁴¹ Túnakort 1916, Gufunes.

Gufunes 265-10

Hlutverk: Grafreitir
 Tegund: Heimild
 Aldur: 1916
 Lengd: 18m
 Breidd: 17m
 Horfin: Já

Staðhættir

Grafreitir er merktur inn á túnakort 1916 um 22 m fyrir SSA íbúðarhúsið, stærð 18 x 17 m, (sjá mynd 7).⁴²

Aðrar upplýsingar

Þetta er ekki sá grafreitir sem var grafinn upp árið 1968 (265-3). Hann var mun norðar og austar.

Gufunes 265-11

Hlutverk: Kálgarður
 Tegund: Heimild
 Aldur: 1916
 Lengd: 30 m
 Breidd: 28 m
 Horfin: Já

Staðhættir

Kálgarðar Gufuness voru til samans um 1240m² árið 1916. Sá hinn stærri var um 840m² og var 140 m SSA af íbúðarhúsinu, (sjá mynd 7).⁴³

Gufunes 265-12

Hlutverk: Fjánhús
 Tegund: Heimild
 Aldur: 1916
 Lengd: 6 m
 Breidd: 4 m
 Horfin: Já

Staðhættir

Fjánhúsin voru 3 og stóðu um 130 m SSA af íbúðarhúsi samanber Túnakort 1916. Vestast var hús sem var 4 x 6 m, í miðju var hús sem var 4 x 10 m og austast var hús sem var 4 x 3 m, (sjá mynd 2).⁴⁴

Gufunes 265-13

Hlutverk: Fjánhús
 Tegund: Heimild
 Aldur: 1916
 Lengd: 10 m
 Breidd: 4 m
 Horfin: Já

Staðhættir

Fjánhúsin voru 3 og stóðu 1916 um 130 m SSA af íbúðarhúsi. Vestast var hús sem var 4 x 6 m, í miðju var hús sem var 4 x 10 m og austast var hús sem var 4 x 3 m, (sjá mynd 7).⁴⁵

Gufunes 265-14

Hlutverk: Fjánhús
 Tegund: Heimild
 Aldur: 1916
 Lengd: 4m
 Breidd: 3m
 Horfin: Já

Staðhættir

Fjánhúsin voru 3 og stóðu 1916 um 130 m ASA af íbúðarhúsi. Vestast var hús sem var 4 x 6 m, í miðju var hús sem var 4 x 10 m og austast var hús sem var 4 x 3 m, (sjá mynd 7).⁴⁶

Gufunes 265-15

Hlutverk: Gata (Vegur)
 Tegund: Heimild
 Aldur: 1916-1973
 Lengd: 70 m
 Breidd: 3,5 m
 Horfin: Já

Staðhættir

Vegur lá frá bænum í suður að fjánhúsunum (265-12-14), samanber Túnakort 1916, (sjá mynd 7).⁴⁷

Gufunes 265-16

Hlutverk: Vegur (Tröð)

⁴² Túnakort 1916, Gufunes.

⁴³ Túnakort 1916, Gufunes.

⁴⁴ Túnakort 1916, Gufunes.

⁴⁵ Túnakort 1916, Gufunes.

⁴⁶ Túnakort 1916, Gufunes.

⁴⁷ Túnakort 1916, Gufunes.

Sérheiti: Gamli Gufunesvegur

Tegund: Vegur

Aldur: 1916-2003

Lengd: 350 m

Breidd: 3,5 m

Horfin: Að hluta

Staðhættir

Vegurinn lá beint austur frá bænum um 350 m (sjá mynd 7).⁴⁸ Malavegur er þarna enn og er hann nefndur „Gamli Gufunesvegurinn”. Það er stutt síðan hann var lagður af. Hann liggur beint niður af Gufunesmelum fram hjá starfsmannabústöðum Áburðarverk-smiðjunnar og stefnir á skrifstofu-bygginguna.



Mynd 9. Gamli Gufunesvegur (265-17).

Gufunes 265-17

Hlutverk: Skemma

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Staðhættir

„Skemma ein stendur vestan verksmiðjunnar niður við sjóinn. Þaðan var farið út í Viðey, eða frá þeim stað sem bryggjan er nú”.⁴⁹

Lýsing

Ekkert er sjánlegt lengur á þessum stað.

⁴⁸ Túnakort 1916, Gufunes.

⁴⁹ Örnefnaskrá Einars Magnússonar yfir Gufunes. (Ö. Gufunes 1), 1.

Gufunes 265-18

Hlutverk: Hjallur

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Staðhættir

„Frá bænum ... lá gata sem enn sést vel (1973). Þar var hjallur og þaðan var stundað útræði frá Gufunesi.”⁵⁰

Lýsing

Nú er búið að fylla þarna upp.

Gufunes 265-19

Hlutverk: Akur, korngarður,

Sérheiti: Akur

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Staðhættir

„Nyrst, þar sem verksmiðjan er núna var mjög grasgefin flöt sem hét Akur”.⁵¹ Heimildir eru fyrir kornrækt í Gufunesi. „Akur var mjög grasgefið land, er var nyrst á nesinu.” Þar er nú geymsla 1.⁵² Nokkuð nákvæma staðsetningu akursins er að finna á korti frá 1922 og er hann þá staðsettur vestan við geymslu 2.⁵³

Lýsing

Á þeim stöðum þar sem akurinn hefur verið er búið að fylla upp og búa til plan.

Gufunes 265-20

Hlutverk: Uppskipun

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Staðhættir

„Til hægri við veginn, þegar farið er niður á bryggjuna í Gufunesi, var áður klettur, sem kallaður var Uppskipunar-klettur. Ekki treysti Bogi [Eggertsson]

⁵⁰ Örnefnaskrá Einars Magnússonar yfir Gufunes. (Ö. Gufunes 1), 1.

⁵¹ Örnefnaskrá Einars Magnússonar yfir Gufunes. (Ö. Gufunes 1), 1.

⁵² Örnefnaskrá Guðbjargar Kristinsdóttur yfir Gufunes. (Ö. Gufunes 2), 1.

⁵³ Kort, Valtýr Stefánsson 1922, Gufunes með Knútskoti og Eyði.

sér til að segja nákvæmlega til um hvar hann hefur verið, þar sem hann var sprengdur burt þegar áburðargeymsla var byggð þarna rétt hjá, svo kölluð skemma 1. Á þessum kletti var útbúnaður til að hala fiskinn á land.” „Ekki kannast hann [Snorri Guðmundsson] ... við Uppskipunarklett”.⁵⁴

Gufunes 265-21



Mynd 10. Fjósaklettur (265-21).

Hlutverk: Fjós

Tegund: Örnefni 465

Staðhættir

„Norðan bryggjunnar eru Fjósaklettur í sjó”.⁵⁵ „Eggver nokkurt á þessari jörð í sjávarhólma litlum, sem hér liggur fyrir landi”.⁵⁶

Aðrar upplýsingar

Ekki er vitað hvernig þetta örnefni tengist fjósi.

Gufunes 265-22

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Staðhættir

„Torfskurður til eldiviðar nægilegur” í Gufunesi.⁵⁷

„Fyrir norðan Gylfaflöt voru áður mógrafir, einnig í Geldinganesi. Mórinn var fluttur í Viðey.”⁵⁸

Gufunes 265-23

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Gerði

Hleðsluhæð: 0,3-0,6

Lengd: 15 m


Breidd: 13 m

Ástand: Gott

Horfin: Nei

Staðhættir

Stekkurinn er um 15 m vestur af íbúðahúsinu Smáraríma 80. Undir hamri, grasigróið.



Mynd 11. Stekkur (265-23).⁵⁹

Lýsing

Stekkurinn er 13 x 5 m stefnir NA - SV. Veggir úr grjóti, 1,0 - 1,5 m breiðir og 0,3 - 0,6 m háir, að hluta til gróinn vestan megin, op í SV, SA - veggurinn er að mestu sjálfur hamarinn. Smávegis spýtnabrák á veggjum.⁶⁰

⁵⁴ Örnefnaskrá Guðbjargar Kristinsdóttur yfir Gufunes. (Ö.Gufunes 2).

⁵⁵ Örnefnaskrá Einars Magnússonar yfir Gufunes. (Ö.Gufunes 1), 1.

⁵⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, III. bindi Gullbringu- og Kjósarsýsla, 301.

⁵⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, III. bindi Gullbringu- og Kjósarsýsla, 301.

⁵⁸ Örnefnaskrá fyrir Eiði

⁵⁹ Bjarni F. Einarsson 1995. *Fornleifaskrá Reykjavíkur*.

⁶⁰ Bjarni F. Einarsson 1995. *Fornleifaskrá Reykjavíkur*.



Mynd 12. Stekkur 265-23 tekið í austur.

Gufunes 265-24

Hlutverk: Mógröf
Tegund: Heimild 465
Horfin: Já

Staðhættir

Á kort frá 1922 eru merktar inn tvær mógrafir. Sú vestari var 20 x 40 m en sú syðri var 23 x 36 m.⁶¹

Lýsing

Mógrafirnar eru nú horfnar.

Gufunes 265-25

Hlutverk: Fjánhús
Tegund: Tóft
Hleðsluhæð: 0,2-0,6m
Lengd: 10 m
Breidd: 4 m
Ástand: gott 1998-2003
Horfin: Nei
